



Borgarráð

Reykjavík, 10. apríl 2026  
MIR24020058

### Afgreiðslutími sundstaða

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 10. apríl 2026 var lögð fram hjálögð tillaga fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna um lengri opnunartíma sundlauga sumarið 2026:

*Lagt er til að opnunartími sundlauga verði lengdur til kl. 22 um helgar í sumar frá 1.júní til 31. ágúst 2026.*

Tillagan var samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

*Sundlaugar borgarinnar bjóða upp á hvað lengstan opnunartíma á landinu enda metnaðarmál að höfuðborgin sé í farabroddi varðandi þjónustu sem er í senn heilsubót fyrir íbúana og mikilvægur hluti af lifandi borgarsamfélagi. Með þessari tillögu er lagt til að opnunartíminn verði lengdur á komandi sumri svo sundlaugar borgarinnar verði opnar lengur á kvöldin um helgar eða til kl. 22. Kostnaður við framkvæmdina nemur 7.5 m. kr. sem verður mætt með hagræðingu innan menningar- og íþróttasviðs.*

### Greinargerð:

Tillagan er í raun sumaropnun og styður þannig við útivistarreglur barna en útivistartíminn er lengdur 1. júní til 1. september. Frá 1. september til 1. maí er útivistartíminn styttri eða til kl. 20:00 fyrir 12 ára börn og yngri og til kl. 22:00 fyrir 13 – 16 ára börn. Útgjöld vegna aukins launakostnaðar eru um 7,5. m.kr. miðað við þriggja mánaða sumaropnun í öllum laugum. Lenging opnunartíma um klukkustund kostar að jafnaði um 2,5 m.kr. á mánuði í heildina fyrir allar laugar.

Kostnaður: 7,5 m.kr. Tillagan verði fjármögnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingu sem nánar er útlístuð í sérstakri tillögu lögð fram á fundi menningar- og íþróttaráðs 10. apríl 2026

Steinþór Einarsson  
sviðsstjóri menningar- og íþróttasvið

Hjálagt:

Tillaga um lengri opnunartíma sundlauga sumarið 2026



Reykjavík, 8. apríl 2026

MIR24020058

## TILLAGA

---

### Tillaga um lengri opnunartíma sundlauga sumarið 2026

Lagt er til að opnunartími sundlauga verði lengdur til kl. 22 um helgar í sumar frá 1.júní til 31. ágúst 2026.

Greinargerð:

Tillagan er í raun sumaropnun og styður þannig við útivistarreglur barna en útivistartíminn er lengdur 1. júní til 1. september. Frá 1. september til 1. maí er útivistartíminn styttri eða til kl. 20:00 fyrir 12 ára börn og yngri og til kl. 22:00 fyrir 13 – 16 ára börn. Útgjöld vegna aukins launakostnaðar eru um 7,5 m.kr. miðað við þriggja mánaða sumaropnun í öllum laugum. Lenging opnunartíma um klukkustund kostar að jafnaði um 2,5 m.kr. á mánuði í heildina fyrir allar laugar.

Kostnaður: 7,5 m.kr. Tillagan verði fjármögnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingu sem nánar er útlístuð í sérstakri tillögu lögð fram á fundi menningar- og íþróttaráðs 10. apríl 2026.



Reykjavík